



## Fundur háskólaráðs 21. mars 2007

### Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 16.03.2007  
Dags: 21.03.2007

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)  
Aðalbyggingu v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4000  
Fax: 552 1331

06/2007

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, miðvikudaginn 21. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 9.30.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Efling tengsla við atvinnulíf. Samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur og Háskólann í Reykjavík.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, aðstoðarmaður rektors og þróunarstjóri Háskólans. Rektor og Jón Atli gerðu grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að fela rektor að halda áfram viðræðum um mögulegt samstarf milli Háskóla Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur og Háskólans í Reykjavík og undirbúa undirritun viljayfirlýsingar.

#### 1.2 Beiðni um samstarf við The School for Renewable Energy Science (RES) á Akureyri.

Rektor og Jón Atli Benediktsson gerðu grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að halda áfram viðræðum um mögulegt samstarf. Háskólaráð telur að huga þurfi sérstaklega að aðkomu Háskóla Íslands að málinu og verkaskiptingu á milli aðila.

#### 1.3 Tillaga fjármálanefndar um fjárhagslíkan fyrir þverfræðilegt nám.

Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir tillögu nefndarinnar. Málið var rætt ítarlega og svaraði Guðmundur framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Tillaga fjármálanefndar samþykkt einróma, með þeirri breytingu að aftan við 6. lið bætist við: „Stjórn námsbrautar og deild geta við sérstakar aðstæður samið um aðra skiptingu.“ Fulltrúi félagsvísindasviðs óskaði eftir að bókað yrði að hann samþykkti tillögurnar í trausti þess að endurskoðun á framlögum vegna þreyttra eininga í framhaldsnámi nái fram að ganga fyrir næsta fjárhagsár.

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.**

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og gerði grein fyrir tillögunum.

#### **a. Tillaga jafnréttisnefndar um endurskoðun á 20. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, dags. 5. mars sl. Greinargerð um málið lögð fram.**

Málið var rætt.

- Samþykkt að fela Lagastofnun Háskóla Íslands að fara yfir málið í samráði við sameiginlega stjórnslu.

#### **b. Tillaga lyfjafræðideildar um að sett verði á laggirnar Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands, samþykkt í deildarráði lyfjafræðideildar 12. mars sl.**

- Samþykkt einróma.

#### **c. Tillaga námsstjórnar í lýðheilsufræðum um breytingu á reglum nr. 594/2006 um meistara- og doktorsnám í lýðheilsufræðum. Í stað orðsins „lýðheilsufræði“ í reglunum komi orðið „lýðheilsuvísindi“. Jafnframt óskar námsstjórnin eftir heimild til að takmarka fjölda þeirra sem teknir verða inn í námið.**

- Samþykkt einróma.

### **2.2 Erindi frá viðskipta- og hagfræðideild, dags. 3. mars sl., um að deildin fái heimild til að bjóða BS nám í viðskiptafræði samhliða starfi í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands.**

Inn á fundinn kom Ingjalður Hannibalsson, prófessor og formaður viðskiptaskorar viðskipta- og hagfræðideildar, og gerði grein fyrir erindi deildarinnar. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjalður framkomnum spurningum og athugasemdum. Í umræðunni kom m.a. fram að nauðsynlegt er að gera nemendum kleift að skrá sig ýmist í fullt nám eða hlutanám.

- Samþykkt með 6 atkvæðum, en þrír voru á móti og einn sat hjá. Fulltrúi stúdenta óskaði eftir því að bókað yrði að stúdentar leggjast gegn því að komið verði á almennum skólagjöldum við Háskóla Íslands.

## **3. Mál til fróðleiks**

### **3.1 Frá jafnréttisnefnd: Úttekt á skiptingu umsókna og úthlutana úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands eftir kynjum, sbr. jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2005-2009.**

### **3.2 Niðurstöður frá 22. háskólafundi 16. mars 2007.**

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 11.40.